

Ytra mat við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri

Lokaskýrsla skóla og sveitarfélags



Inngangur

Í bréfi sendu í tölvupósti 12. janúar 2023, stílað á skólastjóra Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri, bæjarstjóra Árborgar, formann fræðslunefndar og sviðsstjóra fjölskyldusviðs Árborgar, var óskað eftir lokaskýrslu þar sem fram komi mat á ávinningi aðgerða og hvort fyrirhuguð sé áframhaldandi vinna.

Menntamálastofnun óskar eftir upplýsingum um;

- staðfestingu skólastjóra og sveitarfélags að komnar séu til framkvæmda þær umbætur sem lagðar voru til í skýrslu um ytra mat á skólanum.
- mati skóla og sveitarfélags á því hvernig til tókst að vinna að umbótum og með hvaða hætti fyrirhuguð er að halda áfram með innra mat og umbætur.

Með vísan í framvinduskýrslur síðustu ára þá er lokaniðurstaðan eftirfarandi:

Stjórnun og fagleg forysta

Allir þættir varðandi tækifæri til umbóta samkvæmt ytra mati 2018 hafa verið ávarpaðir. Heimsfaraldur hefur sett sitt strik í starfsemi skóla sem og húsnæðismál sem eru komin í ágætan farveg frá janúar 2023. Endurskoðun á skólanámskrá heldur áfram og leitast er við að foreldrar, forsjáraðilar hafi eins gott aðgengi að upplýsingum og hægt er. Vinna við skólasýn skólans hefur frestast vegna ofangreindra aðstæðna. Fyrirhugað er að halda áfram með vinnu við skólasýn á yfirstandandi ári og áfram skólaárið 2023-2024.

Vinna við heildarstefnu um kennsluhætti sem ná til beggja starfsstöðva er vel á veg komin en var í bið vegna húsnæðismála.

Haldinn var einn fundur á vegum skólaráðs í fyrravetur og annar er áætlaður í vor.

Nám og kennsla

Mikil vinna hefur farið fram á tímabilinu við skólanámskrár þar sem framsetning hefur verið samræmd og áætlanir um nám tengdar hæfniviðmiðum aðalnámskrár. Skólanámskrá hefur verið birt á heimasíðu skólans en er þessa dagana í endurskoðun og því tímabundið ekki í birtingu.

Í vetur fóru allir nemendur á yngra stigi í hreyfifærnimat og byrjað er að setja upp hreyfipjálfun fyrir þá sem komu ekki vel út úr því.

Innra mat

Sjálfsmatsteymi hefur verið stofnað í skólanum sem hefur það hlutverk að vinna sjálfsmatsskýrslur, fjalla um niðurstöður kannanna og koma með hugmyndir að úrbótum. Þá hefur nýjum liðum í innra mati verið bætt við þar sem nemendur meta faggreinar með tilliti til kennslu, aðbúnaðar, námsefnis, kennsluaðferða og alls sem þeim dettur í hug. Áætlanir um innra mat er hluti af sjálfsmati skólans.

Skóli án aðgreiningar

Sérkennsla hefur verið efld innan skólans. Nemendur setja sér markmið í samráði við umsjónarkennara, þroskaþjálfara, sérkennara og foreldra. Námsmatið er í formi símats og eru einstaklingsáætlanir lifandi skjöl sem farið er yfir á fundum með nemandanum og einnig á teymisfundum með foreldrum og fagaðilum. Sérkennurum hefur verið fjölgað á kostnað fjölda stuðningsfulltrúa.

Niðurlag

Ýmislegt hefur verið í gangi í skólanum sem tafið hefur framvindu, en við erum samt komin langleiðina með þá verkþætti sem bent var á í ytra mati. 7. -10. bekkur var í ófullnægjandi húsnæði frá janúar 2022 til janúar 2023. Auk þessa var mikil endurnýjun í stjórnendateymi og hefur það haft í för með sér mikla vinnu, en jafnframt breytingar sem vonandi verða til góðs fyrir skólann. Mikil veikindi hafa einnig sett svip sinn á skólastarfið, bæði skammtíma- og langtímaveikindi.

Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir, skólastjóri

Sigríður Pálsdóttir, deildarstjóri yngra stigs